

## GS1 Ísland

GS1 Ísland er innlend skrifstofa GS1 samtakanna. Starfræktar eru 109 skrifstofur sem þjóna 150 þjóðum og 1.200.000 fyrirtækjum sem eru meðlimir í alþjóðlegri starfsemi GS1

Kjarnastarfsemi GS1 eru hönnun og innleiðing staðla og lausna til að auka skilvirkni og gagnsæi í aðfangakeðjunni alþjóðlega og milli atvinnugreina.

GS1 staðlar eru útbreiddustu staðlar sem nú eru notaðir í aðfangakeðjunni.



Kringlan 7  
103 Reykjavík  
S. 511 3011  
[info@gs1.is](mailto:info@gs1.is)  
[www.gs1.is](http://www.gs1.is)



Söluvörur geta borið tvenns konar strikamerki, GTIN stykkjavöru strikamerki og vigtarvöru strikamerki fyrir innanlandsnotkun.

Bæði strikamerkin eru af EAN-13 gerð en upplýsingar sem eru í strikamerkinu eru ólíkar.

Þær matvörur sem eru með fasta þyngd eiga að bera hefðbundið EAN-13 GTIN strikamerki.

Þær matvörur sem eru með breytilega þyngd skulu hafa EAN-13 vigtarvöru strikamerki.

## Vigtarvörur Með EAN strikamerkjum

## Vörur með fasta vigt



Vörur með fasta vigt eiga að vera merktar með EAN-13 GTIN númeri (Global Trade Item Number) sem úthlutað er af GS1 Ísland. GTIN númer eru alþjóðleg og hægt að nota frjálst milli landa ólíkt vigtarvörunúmerum sem eingöngu eru ætluð til innanlands- notkunar. GTIN númer innihalda lands- og fyrirtækjanúmer úthlutaðu af GS1 Ísland og vörunúmeri viðkomandi fyrirtækis.

### Dæmi 1

**5691111** - Lands/fyrirtækjanúmer úthlutað af GS1 Ísland

**00025** - Númer úthlutað af handhafa númers

**4** - Vartala



## Vörur með breytilega vigt

Uppbygging	Forskeyti	Fyrirtækis-númer	Vörunúmer	Þyngd	Vartala
Innihald: afbrigði 10 nr.	N <sub>1</sub> N <sub>2</sub>	N <sub>3</sub> N <sub>4</sub> N <sub>5</sub> N <sub>6</sub>	N <sub>7</sub>	N <sub>8</sub> N <sub>9</sub> N <sub>10</sub> N <sub>11</sub> N <sub>12</sub>	N <sub>13</sub>
Innihald: afbrigði 100 nr.	N <sub>1</sub> N <sub>2</sub>	N <sub>3</sub> N <sub>4</sub> N <sub>5</sub>	N <sub>6</sub> N <sub>7</sub>	N <sub>8</sub> N <sub>9</sub> N <sub>10</sub> N <sub>11</sub> N <sub>12</sub>	N <sub>13</sub>
Innihald: afbrigði 1000 nr.	N <sub>1</sub> N <sub>2</sub>	N <sub>3</sub> N <sub>4</sub>	N <sub>5</sub> N <sub>6</sub> N <sub>7</sub>	N <sub>8</sub> N <sub>9</sub> N <sub>10</sub> N <sub>11</sub> N <sub>12</sub>	N <sub>13</sub>

### TAFLA 1

N <sub>1</sub>	=	2 Táknað að númer er einungis fyrir innanlandsnotkun
N <sub>2</sub>	=	3 Þyngd í grömmum
N <sub>2</sub>	=	4 Þyngd í 10 grömmum
N <sub>2</sub>	=	5 Þyngd í 100 grömmum
N <sub>3</sub> - N <sub>6</sub>	=	Fyrirtækisnúmer í 10 númera úthlutun, úthlutað af GS1 Ísland
N <sub>3</sub> - N <sub>5</sub>	=	Fyrirtækisnúmer í 100 númera úthlutun, úthlutað af GS1 Ísland
N <sub>3</sub> - N <sub>4</sub>	=	Fyrirtækisnúmer í 1.000 númera úthlutun, úthlutað af GS1 Ísland
N <sub>7</sub>	=	Vörunúmer í 10 númera úthlutun
N <sub>6</sub> - N <sub>7</sub>	=	Vörunúmer í 100 númera úthlutun
N <sub>5</sub> - N <sub>7</sub>	=	Vörunúmer í 1.000 númera úthlutun
N <sub>8</sub> - N <sub>12</sub>	=	Þyngd, fer eftir gildi í N <sub>2</sub>
N <sub>13</sub>	=	vartala reiknuð með sérstakri aðferð (reiknivél á <a href="http://www.gs1.is">www.gs1.is</a> )



### DÆMI 2

Vigtarvara frá framleiðanda nr. 123 (100 númera úthlutun) Vörunúmer er 89 og vigt er 1250 grömm (N<sub>2</sub> = 3) vartala er 4.



### DÆMI 3

Vigtarvara frá framleiðanda nr. 3456 (10 númera úthlutun) Vörunúmer er 5 og vigt er 14,2 kg (N<sub>2</sub> = 5) Vartala er 7

Vigtarvörunúmer nota EAN-13 strikamerkið með sérstakri útfærslu.

Vigtarvörunúmer byrja alltaf á 2 en að öðru leiti er uppbygging þess skýrð í töflu 1.

Vigtarvörunúmer eru eingöngu ætluð til innanlandsnotkunar þar sem engin alþjóðleg tilvísun er í númeri.

Notkun Databar strikamerkisins gerir kleyft að merkja vörur með GTIN númeri auk vigtar, fyrningar og annarra upplýsinga.

Sömu kröfur eru gerðar til prentunar og tæknilegra eiginleika vigtarvörustrikamerkja og almennra EAN 13 strikamerkja.

## Vigtarvörunúmer

Matvörur sem framleiddar eru með breytilegri vigt skulu strikamerktar með vigtarvöru strikamerki.

Á þeim matvörum sem merkja á með þyngd skal strikamerkja með vigtarvöru strikamerki þar sem fram kemur númer vöru og þyngd hennar.


Til að neytendur fái glögga mynd af verði vörunnar þarf að reikna verð út frá upplýsingum á miða eða bera vöru að strikamerkjalesara sem gefa þá upp verð vörunnar.

Bækling þessum er ætlað að gefa greinargóðar upplýsingar um hvornig eigi að merkja vörur með breytilegri vigt miðað við íslenskar reglur um vigtarstrikamerki sem settar eru af GS1 Ísland.



## Innanlandsnúmer

- EAN 13 verð og vigtarstrikamerki eru eingöngu ætluð til innanlandsnotkunar.
- Nauðsynlegt er að sækja um slík númer í hverju landi fyrir sig og fara eftir reglum viðkomandi lands.
- EAN 13 GTIN númerin eru alþjóðleg númer sem eru þjónustuð af alþjóðlegu GS1 samtökum sem eru með skrifstofur í yfir 110 löndum.



## Verðmerkingar í strikamerki

Heimilt er í sértílfellum að verðmerkja matvörur td. ef vara er merkt innan verslunar.

Gildi N<sub>2</sub> breytist þá og í stað upplýsinga um þyngd koma upplýsingar um verð í reiti N<sub>8</sub> - N<sub>12</sub> Aðrar upplýsingar eru eins og í töflu 1

### TAFLA 2

N <sub>2</sub>	=	0 Verð með 2 aukastöfum (í aorum)
N <sub>2</sub>	=	1 Verð með einum aukastaf (10 aurar)
N <sub>2</sub>	=	2 Verð í heilum krónum
N <sub>8</sub> - N <sub>12</sub>	=	Þyngd, fer eftir gildi í N <sub>2</sub>



### DÆMI 4

Vigtarvara frá framleiðanda 6789 (10 númera úthlutun) Vörunúmer er 8 og verðið er 512 kr (N<sub>2</sub> = 2) Vartala er 0

## LAUSNIR MEÐ DataBar STRIKAMERKINU

Databar strikamerki er ný kynslóð strikamerkja sem gerir notendum kleyft að nota alþjóðlegt GTIN númer auk annarra aukaupplýsinga ss. verð eða vigt:

- Alþjóðleg lausn sem leyfir merkingar milli landa.
- Minna strikamerki sem auðveldar merkingu lítilla vara.
- Sérstaklega hentug við merkingar fyrningarvara sem krefjast rekjanleika..

